

1. Almennt

Fiskeldi Austfjarða hf., kt. 520412-0930, Nesbala 122, 170 Seltjarnarnesi, sótti um nýtt rekstrarleyfi til sjókvíaeldis á 7.000 tonna hámarkslífmassa af laxi í Stöðvarfirði, þann 22. maí 2017. Fyrirtækið er með rekstrarleyfi fyrir 20.800 tonna hámarkslífmassa af laxi á Austfjörðum.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Stöðvarfjarðar er metið 7.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar ekki eldi á frjóum laxi í firðinum.

Fiskeldi Austfjarða mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á einni staðsetningu í Stöðvarfirði, Sjókvíaeldissvæði A inniheldur eldissvæðið Stöðvarfjörður.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 27. október til 24. nóvember 2021 og bárust 9 athugasemdir vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

2.1 Inngangur

Fiskeldi Austfjarða hf. lagði fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 16. júní 2020 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 4. júní 2021.

Í samræmi við 6. gr. a og b er fyrirhuguð útgáfa rekstrarleyfis byggð á áhættumati erfðablöndunar sem staðfest var af af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022, og burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar (endurútféð í febrúar 2022). Með því að stunda sjókvíeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost, framkvæmdarkost (geldlax, svæðisskipulag og umfang eldis) og óraunhæfa kosti (lokaðar kvíar í sjó og landeldi). Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun leitaði upplýsinga hjá Hafrannsóknastofnun varðandi 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi sem fjallar um málsmeðferð umsókna. Þar kemur fram að Matvælastofnun skuli tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um eldi laxfiska er að ræða. Í bréfi frá Hafrannsóknastofnun, dags 1. september 2021, kemur fram að eldissvæði sem um ræðir í Stöðvarfirði sé um 3 km frá ósum Stöðvarár og því innan 5 km fjarlægðarmarka. Hafrannsóknarstofnun segir ennfremur að ekki finnist upplýsingar um veiðifélag Stöðvarár og að ekki finnist opinberar upplýsingar um að markviss skrásetning á veiðum úr ánni hafi farið fram þó svo að slík skráning gæti verið til hjá landeigendum. Án upplýsinga um nytjar Stöðvarár sé ekki hægt að fullrða að skilyrði reglugerðarinnar um sjálfbæra nýtingu sé mætt. Rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar bendi til þess að þéttleiki laxfiska sé lítill í Stöðvará. Byggt á þessum upplýsingum er það mat Hafrannsóknarstofnunar að fyrir Stöðvará sé ekki brýnt tilefni til þess að viðhafa 5 km lágmarks fjarlægð frá eldissvæði að ósi.

Að þessum upplýsingum samandregnum er það mat Matvælastofnunar að ekki sé tilefni til að ætla að neikvæð vistfræðileg áhrif verði vegna staðsetningar á eldisstöðinni. Engin áhætta er til staðar vegna erfðafræðilegra áhrifa þar sem eingöngu er veitt rekstrarleyfi fyrir eldi á ófrjóum laxi.

2.2 Eðliseiginleikar sjávar og burðarþol

Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að á eldissvæðum geti orðið neikvæð áhrif á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum, vegna úrgangs frá eldinu og að styrkur uppleystra næringarefna sjávar aukist á stærra svæði út frá eldiskvíum, en með hvíld eldissvæða og tilfærslu eldiskvía frá einni eldislotu til annarrar sé líklegt að áhrifin verði afturkræf. Skipulagsstofnun telur ennfremur rétt að endanleg staðsetning á sjókvíum taki mið af ábendingu Hafrannsóknarstofnunar um að æskilegra sé að meiri eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Skipulagsstofnun bendir á að í burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar komi fram að burðarþolsmörkin séu ekki endanleg og að búast megi við að burðarþol verði endurmetið ef þörf krefur. Því sé gert ráð fyrir að nákvæm vöktun á áhrifum eldis fari fram samhliða eldi og að slík vöktun sé forsenda fyrir hugsanlegu endurmati á burðarþoli fjarðarins. Matvælastofnun bendir á að í kynslóðaskiptu eldi, líkt og fyrirhugað er í Stöðvarfirði á einu eldissvæði, er skilyrði um a.m.k. 90 daga hvíld milli kynslóða og því munu áhrif vegna úrgangs frá eldi og uppleystra næringarefna verða lágmörkuð. Jafnframt bendir stofnunin á að með vöktun samkvæmt vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sé áhætta takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við, m.a. með minnkaðri fóðrun eða hún stöðvuð tímabundið verði vart við uppsöfnun úrgangsefna. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf.

2.3 Botndýralíf og fjara

Skipulagsstofnun telur að áhrifa vegna laxeldis Fiskeldis Austfjarða á botndýralíf muni fyrst og fremst gæta undir kvíum og í næsta nágrenni þeirra. Með hliðsjón af reynslu af fiskeldi hérlandis telur stofnunin að miklar breytingar verði á botndýralífi undir sjókvíum, sem færast þó líklega í svipað ástand á ný ef nægileg hvíld eða stöðvun verður á uppsöfnun lífræns úrgangs. Matvælastofnun telur mikilvægt að eldissvæði séu hvíld milli eldislota samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar ásamt því að tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs.

2.4 Fisksjúkdómar og laxalús

Skipulagsstofnun álitur að litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi Fiskeldis Austfjarða í Stöðvarfirði komi til með að smita villta laxfiska af örverum og telur stofnunin að áhrif framkvæmdar á villta fiska með tilliti til sjúkdóma séu óveruleg. Þetta sjónarmið er samstíga niðurstöðum Matvælastofnunar sem byggir sína afstöðu á að áratuga reynsla hafi sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofnum í sínu náttúrulega umhverfi. Ekki er óalgengt að dulið og náttúrulegt smit örvera sé til staðar í villtum stofnum án þess að sjúkdóms verði nokkurn tíma vart með klínískum einkennum. Þannig hafa þekktir og alvarlegir veirusjúkdómar, s.s. blóðþorri (ISA), brisdrep (IPN), brisveiki (PD), hjartarof (CMS), veirublæði (VHS), hjarta- og vöðvabólga (PRV/HSMI) og iðradrep (IHN), ekki sést í klínískri mynd í náttúrulegu umhverfi, jafnvel þó að dulið veirusmit leynist í hjörðinni.

Hvað laxalús varðar telur Skipulagsstofnun það nokkrum vandkvæðum bundið að meta áhrif eldis í Stöðvarfirði á villta laxfiska, m.a. vegna skorts á þekkingu á líffræði laxalúsar á Austfjörðum og gönguleiðum villtra laxfiska í Stöðvarfirði. Stofnunin telur takmarkaða þekkingu til staðar um áhrif laxalúsar frá sjókvíaeldi á villta sjóbleikju og telur það óheppilegt í ljósi þess að Stöðvará sé aðallega bleikjuá. Skipulagsstofnun segir að ekki verði horft framhjá þeirri staðreynd að fyrirhugað eldissvæði sé staðsett innan þeirra fjarlægðarmarka sem í dag séu talin nauðsynleg til verndar ám með villta stofna laxfiska, sbr. reglugerð nr. 540/2020. Því megi gera ráð fyrir að áhrif laxalúsar á laxfiska í Stöðvará geti orðið meiri en æskilegt sé talið. Skipulagsstofnun telur óvissu til staðar um áhrif laxalúsar á villta laxfiska. Gera verði ráð fyrir að laxfiskar verði fyrir auknu álagi af völdum laxalúsar ef upp komi lúsafaraldur í fiskeldi í Stöðvarfirði. Stofnunin telur að fiskistofnum Stöðvarár geti staðið hættu af laxalús frá eldinu, bæði vegna nálægðar við eldið og smæðar fiskistofna árinna. Stofnunin telur að fyrirhugað eldi Fiskeldis Austfjarða komi til með að hafa neikvæð samlegðaráhrif með öðru laxeldi á Austfjörðum með tilliti til laxalúsar. Matvælastofnun telur, byggt á fyrri reynslu, að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska hér við land séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum

áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Reynslan hefur sýnt að sjávarhiti á leyfilegum eldissvæðum að vori hér við land er heilt yfir mjög óhentugur fyrir viðkomu laxalúsar og það dregur úr líkum á að útgönguseiði verði fyrir neikvæðum áhrifum á leið sinni til sjávar. Einnig getur lengd fjarða haft áhrif, ekki síst ef gönguseiði þurfa að fara langa leið innan fjarðar þar sem umfangsmikið laxeldi er stundað í sjókvíum á leið sinni út á haf. Miðað við staðsetningu þess sjókvíaeldissvæðis sem hér er til umfjöllunar þykir þessi hætta hverfandi. Reynsla af eftirliti með laxalús í austfirsku laxeldi á liðnum áratugum hefur sýnt fram á að stofn laxalúsar á þeim slóðum á afar erfitt uppdráttar að sumar- og haustlagi og greinilegt að sjávarhiti hefur þar úrslitaáhrif. Matvælastofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar um mikilvægi þess að fjöldi laxalúsa á villtum laxfiskum á Austfjörðum verði vaktaður svo unnt sé að meta möguleg áhrif sjókvíaeldis á fjölda laxalúsa á villtum laxfiskum til framtíðar, þó svo núverandi staða sýni ótvívætt að hættan sé ekki til staðar. Slík vöktun gæfi mikilvægar grunnupplýsingar um stöðu mála og dragi um leið úr áður nefndum vandkvæðum við að meta áhrif eldis á Austfjörðum á villta laxfiska vegna skorts á þekkingu á líffræði og viðgang laxalúsar á Austfjörðum.

Í álti Skipulagsstofnunar kemur fram að setja eigi skilyrði í rekstrarleyfi um:

- Að fyrirkomulag vöktunar vegna laxalúsar verði í samræmi við leiðbeiningar um lúsatalningu frá Matvælastofnun.
- Að tilgreind verði viðbragðsáætlun og mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöður um smítalag frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna, s.s. notkun hlífðardúks, sérstaks fóðurs og neyðarslátrun ef ekki tekst að halda lúsasmiti undir viðmiðunarmörkum.
- Að niðurstöður vöktunar laxalúsa verði opinberar.

Þann 1. nóvember 2021 tóku gildi breytingar á reglugerð nr. 540/2020 og reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðum. Þessar breytingar fela í sér að auk vöktunar á viðkomu sníkjudýra í innra eftirliti sjókvíaeldisstöðva skulu rekstraraðilar starfa samkvæmt viðbragðsáætlun vegna viðkomu sníkjudýra sem háð er samþykki Matvælastofnunar. Sérstaklega er tiltekið í reglugerðunum að viðbragðsáætlunin skuli, auk þeirra atriða sem tiltekin eru í viðauka VI, fela í sér aðgerðir fari meðaltalsfjöldi kynproska kvenlúsa (með eða án eggjastrengja) innan viðkomandi svæðis umfram 0,5, 1, 1,5 og 2 á hvern fisk. Þá skal viðbragðsáætlun rekstrarleyfishafa virkjuð þegar meðaltalsfjöldi kynproska kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 0,5 á hvern fisk og skal Matvælastofnun tilkynnt um það. Þegar tilkynning um virkjun viðbragðsáætlunar berst Matvælastofnun skal stofnunin meta hvort ráðstafanir rekstrarleyfishafa samkvæmt viðbragðsáætlun nái þeim árangri sem að sé stefnt eða hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Rekstraraðili skal einnig tilkynna Matvælastofnun þegar meðaltalsfjöldi kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 1, 1,5 og 2 á hvern fisk og þá skal Matvælastofnun meta hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Það er því ljóst að eftirlit hefur verið aukið í tengslum við viðkomu sníkjudýra í fiskeldinu með ofangreindum reglugerðarbreytingum. Þá hefur almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna með tilkomu Mælaborðs Fiskeldis sem er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Skipulagsstofnun telur æskilegt að í leyfum sé skýrt kveðið á um heimildir til að bregðast við vegna mögulegra afleiðinga þess að laxa- og fiskilús ásamt lyfjameðhöndlun verði viðvarandi í eldi í Stöðvarfirði. Bæði vegna mögulegra áhrifa lúsa á villta fiska sem og vegna mögulegra mengunaráhrifa lyfja á annað lífríki. Matvælastofnun tekur undir þau sjónarmið Skipulagsstofnunar að ítrekuð notkun vissra lúsalyfja geti mögulega haft neikvæð áhrif á annað lífríki, ekki síst staðbundna rækjustofna. Þá er réttilega áréttað að til þess að fá heimild til notkunar slíkra lyfja þurfi formlega heimild Matvælastofnunar með aðkomu faglegs álits fisksjúkdómanefndar. Einnig er rétt að undirstrika að slíkt leyfi er jafnframt háð jákvæðri umsögn Hafrannsóknastofnunar. Þessi skýra aðkoma opinberra fagaðila að veitingu heimilda til lyfjameðhöndlunar, eða ákvarðana um aðrar ráðstafanir, veita ríkt aðhald og dregur verulega úr hættu á að lyfjanotkun verði viðvarandi ef grunur vaknar um neikvæð áhrif á lífríki Stöðvarfjarðar. Þess má að lokum geta að á döfinni er rannsóknarverkefni þar sem lyfjaþol laxa- og fiskilúsar verður skoðað ofan í kjöllinn. Lyfjaónæmi er vaxandi vandamál á heimsvísu, ekki síst með ógætilegri notkun sýkla- og sníkjudýralyfja, og eru yfirvöld áfram um að vakta þessa þróun og koma í veg fyrir slík óheillaskref í íslensku laxeldi.

2.5 Náttúrulegir stofnar laxfiska – slysasleppingar og erfðablöndun

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að eldi á ófrjóum laxi hafi óveruleg áhrif á erfðablöndun. Stofnunin telur að komi til þess að áhættumat erfðablöndunar verði endurskoðað þannig að eldi á frjóum laxi verði heimilað í Stöðvarfirði verði mikilvægt að setja skilyrði í rekstrarleyfi sem miði að því að lágmarka hættu á neikvæðum áhrifum á villta stofna vegna erfðablöndunar, s.s. um lágmarksstærð seiða, notkun ljósastýringar og vöktun á eldisbúnaði. Matvælastofnun fylgir áhættumati Hafrannsóknarstofnunar við útgáfu rekstrarleyfa. Áhættumat Hafrannsóknarstofnunar heimilar ekki eldi á frjóum laxi í Stöðvarfirði og tekur Matvælastofnun undir með Skipulagsstofnun um að áhrifin á erfðablöndun verði óveruleg. Þegar lítið er til samlegðaráhrifa þá er burðarþol á Austfjörðum 62.000 tonn og áhættumat erfðablöndunar 42.000 tonn. Útgefin rekstrarleyfi í sjókvíaelði á Austfjörðum er fyrir 43.800 tonna hámarkslífmassa, þar af 34.500 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi. Umsóknir liggja fyrir eldi á 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi.

Matvælastofnun bendir jafnframt á að verði breytingar á áhættumati fyrir Stöðvarfjörð á þann veg að heimilt verði að ala frjóan lax að þá gefi stofnunin út aðskilið leyfi fyrir frjóan lax og setji stofnunin skilyrði um notkun ljósastýringar, seiðastærð og möskvastærð í rekstrarleyfi fyrir frjóan lax. Rekstrarleyfishöfum er skylt að skila inn gæðahandbók fyrir útgáfu rekstrarleyfa sem er yfirfarin í reglubundnu eftirliti fiskeldisfyrirtækja. Samkvæmt viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 skal þjálfar starfsmenn fiskeldis m.a. í vörnum og viðbrögðum gegn stroki. Jafnframt skal vera viðbragðsáætlun um stök og tjón á búnaði, auk viðbragðsáætlunar vegna fávíðris. Þar skal koma fram markmið, ábyrgð, framkvæmd, tíðni eftirlits, viðmiðanir, úrbætur og skráning.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi og til verndunar á villtum laxastofnum friðað tiltekin svæði og bannað eldi laxfiska í sjókvíum sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsingu nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður.

2.6 Fuglalíf

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að líklega muni fæðuframboð aukast fyrir ýmsar fuglategundir í nágrenni kvía. Þá sé líklegt að fiskur komi til með að sækja í æti við kvíar sem getur þá orðið bráð ýmissa sjófugla og einnig mögulegt að æðarfugl komi til með að leita í krækling á eldisbúnaði. Að mati stofnunarinnar geti aukið fæðuframboð í nágrenni kví leitt til staðbundinnar fjölgunar tiltekinna fuglategunda. Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar geti haft jákvæð áhrif á sumar tegundir fugla með tilliti til fæðuöflunar en áhrifin gætu orðið nokkuð neikvæð á aðrar tegundir ef þær fælast burt vegna framkvæmdanna. Stofnunin telur að tilefni sé til að sett verði skilyrði um vöktun fuglalífs í nágrenni eldissvæða í vöktunaráætlun Fiskeldis Austfjarða.

2.7 Samfélag og efnahagur

Skipulagsstofnun telur að uppbygging á fiskeldi á Austfjörðum kunni að fjölga atvinnutækifærum á svæðinu. Áhrifin verði mest þar sem vinnsla afurða fari fram. Í álitum Skipulagsstofnunnar kemur fram að gera megi ráð fyrir að

uppbygging fiskeldis kalli á aðflutning fólks til að manna störf í fiskeldi og þau störf sem kunna að losna vegna tilfærslu fólks í fiskeldi úr öðrum störfum. Matvælastofnun tekur undir með Skipulagsstofnun um að samfélagsleg áhrif vegna fiskeldis á Austfjörðum verði nokkuð jákvæð.

2.8 Menningaminjar

Í álitni Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að komast megi hjá áhrifum á menningarmínjar með því að Fiskeldi Austfjarða fylgi þeim mótvægisáhrifum sem fyrirtækið fjallar um í matsskýrslu sinni. Matvælastofnun tekur undir þetta sjónarmið Skipulagsstofnunar.

2.9 Ásýnd, útivist og ferðaþjónusta

Skipulagsstofnun telur ljóst að sjókvíar breyti almennt yfirbragði og ásýnd fjarða og ímynd þeirra um lítt snortna eða ósnortna náttúru. Eldissvæðin verði missýnileg innan Stöðvarfjarða en þegar horft er frá strönd ber eldismannvirkin við hafflötin og frá því sjónarhorni munu þau líklega vera minna áberandi, nema þar sem eldiskvíar eru skammt undan landi. Eldismannvirkin verði áberandi þar sem horft er yfir hafflötinn ofar úr landi næst eldissvæðum. Skipulagsstofnun telur að þar sem eldissvæðið liggir í nágrenni við Þjóðveg 1, þéttbýli, gönguleiðir og ferðamannastaði megi gera ráð fyrir að fjöldi fólks verði fyrir áhrifum. Því telur Skipulagsstofnun að sjónræn áhrif verði talsvert neikvæð en að fullu afturkræf ef eldi verður hætt. Jafnframt telur stofnunin að fiskeldið geti haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna af landslagi svæðisins og náttúrulegu yfirbragði þess. Matvælastofnun telur að framkvæmdin muni verða nokkuð neikvæð en áhrifin tímabundin og afturkræf. Tekin hefur verið sú pólitíska ákvörðun að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði í Stöðvarfirði innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásýnd.

2.10 Fiskveiðar og nytjastofnar

Að mati Skipulagsstofnunar munu sjókvíar og rammafestingar skerða möguleika til veiða í Stöðvarfirði. Eldissvæðið sé um 0,9 km² að flatarmáli og nái til 8% af Stöðvarfirði. Stofnunin bendir þó á að eldissvæði séu töluvert stærri að flatarmáli en þær eldiskvíapýrpingar sem verða í notkun hverju sinni og mögulegt er að stunda veiðar innan eldissvæðanna svo lengi sem fjarlægð frá jaðri sjókvíaeldisstöðvar er a.m.k. 150 m. Skipulagsstofnun telur að gera megi ráð fyrir að fiskur muni í einhverjum mæli sækja í fóðurleifar í nágrenni eldiskvía en óvissa sé um hvaða þýðingu það hefur fyrir veiðar og dreifingu nytjafiska í firðinum. Stofnunin telur að uppsöfnun lífræns efnis undir eldiskvíum geti haft staðbundin neikvæð áhrif á búsvæði nytjastofna á sjávarbotni. Skipulagsstofnun telur ljóst að áhrif sjókvíaeldis ráðist að miklu leiti af staðsetningum eldiskvía innan eldissvæða hverju sinni. Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um staðsetningu fiskimiða, eða mikilvægi Stöðvarfjarða fyrir nytjastofna, telur stofnunin áhrif á fiskveiðar og nytjastofna óviss. Áhrifin ættu þó að vera að mestu afturkræf ef eldi verður hætt. Skipulagsstofnun telur æskilegt að Fiskeldi Austfjarða hafi samráð við sjómenn varðandi staðsetningu eldiskvía innan eldissvæða og þannig væri mögulegt að lágmarka áhrif sjókvíaeldis á veiðar.

Matvælastofnun óskaði eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi staðsetningar fiskmiða í Stöðvarfirði og hvort reglubundnar veiðar væru stundaðar á því eldissvæði sem Fiskeldi Austfjarða sækir um að nota fyrir framkvæmd sína. Hafrannsóknastofnun sendi inn umsókn þann 18. febrúar 2022 og þar kemur fram að reglulegar veiðar hafi ekki verið stundaðar innan eldissvæðisins í Stöðvarfirði síðastliðin fimm ár. Sá afli sem landaður var og veiddur á eldissvæðinu var um 2,6 tonn. Á línu veiddust 2094 kg. árið 2017 en á handfæri 580 kg. árið 2020. Veiðar með botnvörpu, dragnót, línu og handfærum hafa verið stundaðar í nágrenni fjarðarins og í honum en engar veiðar eru skráðar á svæðinu með rækjuvörpu og netum síðastliðin fimm ár. Hafrannsóknastofnun telur að staðsetning eldissvæðisins skv. hnitum í firðinum sé ekki líkleg til þess að hafa teljanleg áhrif á veiðar og sókn beint. Hins vegar áréttir stofnunin að óbein áhrif séu möguleg vegna ásóknar fiska í fóðurleifa frá fiskeldi og umdeilt sé hvort um sé að

ræða gagnleg eða skaðleg óbein áhrif á fiskveiðar. Matvælastofnun bendir á að um er að ræða kynslóðaskipt eldi þar sem eldissvæðið er hvílt milli eldislota og þá geti staðsetning eldiskvía einnig verið breytileg innan eldissvæðis milli eldislota.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Fjarlægðabyggðar þann 5. ágúst 2021.

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar, dags 25. ágúst 2021 og 1. september 2021, kemur fram að stofnunin gerir engar athugasemdir varðandi eldistegund eða eldisstofn þar sem um er að ræða ófrjóan eldislax en ekki er talið að ófrjór lax geti haft neikvæð erfðafræðileg áhrif á villta laxastofna. Hins vegar geta allir laxfiskar í eldi, frjóir og ófrjóir, gefið tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa vegna uppsöfnunar lífrænna leifa á botn fjarðanna þar sem eldið er stundað. Jafnframt geti eldi ræktun hverskyns laxfiska, frjórra og ófrjórra, í sjókvíum aukið álag af laxa- og fiskilús á villta fiska sem teljist einnig til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa. Hafrannsóknastofnun bendir á að samkvæmt reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 skal Matvælastofnun tryggja að fjarlægð á milli eldissvæða og áa með villtum stofnum laxfiska og sjálfbæra nýtingu sé eigi styttri en 5 km. Fjarlægð eldissvæðisins sem hér um ræðir frá Stöðvará í Stöðvarfirði er um 3 km og er það því innan þessara 5 km fjarlægðarmarka. Ef upp kemur vandamál með laxa- og fiskilús á eldissvæðinu aukast líkurnar á að villtir stofnar laxfiska frá Stöðvará verði fyrir lúsasmiti vegna eldisins. Líkur eru á að lúsarálag frá fiskeldi verði meira á villta laxfiskastofna liggi eldissvæðin nær ám en ef eldissvæðin lægju fjær þeim. Líkt og bent er á í álitni Skipulagsstofnunar er hætta á að laxfiskastofnar Stöðvarár muni verða fyrir auknu álagi frá laxa- og fiskilús sem telst til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa. Mikilvægt er að efla stöðu þekkingar á litlum stofnum laxfiska líkt og í Stöðvará og vakta / meta álag af völdum laxa- og fiskilúsar á stofnana áður en eldi hefst (til samanburðar) og á meðan það er starfrækt. Hafrannsóknastofnun bendir á að fjarlægð eldissvæðisins sem hér um ræðir frá Stöðvará í Stöðvarfirði er um 3 km og er það því innan þessara 5 km fjarlægðarmarka. Eins og fram kom í fyrri umsögn er líklegt að ef upp koma vandamál með laxa- og fiskilús á eldissvæðinu aukist líkurnar á að villtir laxfiskar frá Stöðvará verði fyrir lúsasmiti vegna eldisins, sem eru neikvæð vistfræðileg áhrif. Þó hefur reynslan af fiskeldi hér við land sýnt að minna virðist vera um vandamál tengd laxa- og fiskilús í eldi á Austfjörðum samanborið við eldi á Vestfjörðum. Samt sem áður er ekki hægt að útiloka að þessi sömu vandamál verði viðvarandi fyrir austan líkt og þau eru fyrir vestan, verði aukning á fiskeldi í framtíðinni. Ekki finnast upplýsingar um veiðifélag fyrir Stöðvará. Þá finnast ekki opinberar upplýsingar um að markviss skrásetning á veiðum úr ánni hafi farið fram hingað til þó að slík skráning gæti verið til hjá landeigendum. Án upplýsinga um nýttjar í Stöðvará er ekki hægt að fullyrða að skilyrði reglugerðarinnar um sjálfbæra nýtingu sé mætt. Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar benda til að þéttleiki laxfiska sé lítil í Stöðvará (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2019). Byggt á ofangreindum upplýsingum er það mat Hafrannsóknastofnunar að fyrir Stöðvará sé ekki brýnt tilefni til þess að viðhafa 5 km lágmarks fjarlægð frá eldissvæði að ósi.

Fiskistofa veitti umsögn þann 8. október 2021 og vísar þar í umsögn sína vegna frummatsskýrslu framkvæmdarinnar frá 4. september 2020. Þar kemur fram að að Fiskistofa horfi til þeirra áhættuþátta annars vegar vegna sjókvíaeldis á laxi er snúa að erfðablöndun norska eldislaxa við villtan lax og hins vegar vegna áhrifa sjúkdóma eða sníkjudýra í eldisfiski á villta fiska og viðkomu þeirra. Fiskistofa telur að með notkun geldfiska (t.d. þrílitna) sé verið að draga úr óæskilegum áhrifum af sjókvíaeldi, sbr. markmiði laga nr. 71/2008 um fiskeldi og laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Geldfiskar geti ekki valdið varanlegum áhrifum í náttúrulegum vistkerfum með erfðablöndun. Sú áhætta sem stafar af stroki geldfiska snúi að þeim áhrifum sem þeir geti haft á atferli fiska á hrygningarslóð, sem fari mikið eftir þéttleika, ef þeir berast þangað og hugsanleg áhrif á hagsmuni veiðiréttareigenda ef eldislax veiðist í veiðivatni. Áhrif séu þó tímabundin og hverfandi miðað við ef frjór eldislax berst í veiðivötn. Hvað varðar sjúkdóma og sníkjudýr þá bendir Fiskistofa á að með auknum fjölda fiska og samþjöppun, eins og sjókvíaeldið felur í sér, eykst hætta á vandamálum tengdum sjúkdómum og sníkjudýrum. Stofnunin bendir á að lítið sé vitað um veiru- og bakteríusmit sem geti borist úr sjókvíaeldi í villta fiska og telur hluti skýringarinnar vera sú að erfitt hefur reynst að rannsaka það. Smit vegna sníkjudýra, s.s. laxalúsar, séu vel þekkt og geti slík smit valdið verulegum afföllum í villtum laxastofnum, sérstaklega á þeim tíma þegar gönguseiði leita til sjávar. Þá bendir Fiskistofa jafnframt á að villtir laxa- og silungsstofnar í nágrenni við fyrirhugað eldi séu litlir og að

litlir stofnar geti verið viðkvæmir fyrir afföllum. Jafnframt telur Fiskistofa að ekki sé útilokað, og jafnvel að líkur séu að aukast með auknum eldisumsvifum á Austfjörðum, að laxalús geti orðið vandamál í fiskeldi á Austfjörðum. Vísa þeir þar til yfirlýsingu dýralæknis fisksjúkdóma þar sem segir að litlar líkur séu á því að laxalús verði vandamál í fiskeldi á Austfjörðum. Þar sem sjávarhiti sé lægri tekur lengri tíma fyrir laxalúsaliðun að þroskast og því geti þær dreifst yfir stærra svæði í köldum sjó vegna lengri líftíma og áréttar Fiskistofa að það geti skipt máli þegar metnar eru líkur á því að laxalús berist milli svæða en bendir jafnframt á að erfitt geti verið að ráða í hugsanlega útbreiðslu og áhrif þar sem laxalús hafi ekki fundist í eldi á Austfjörðum.

Umsögn barst frá Fjarðarbyggð þann 18. ágúst 2021. Fjarðarbyggð bendir á að mikilvægt sé að framkvæmdir og vinna við fyrirhugað eldissvæði nái ekki inn á siglingaleiðir og valdi ekki truflunum á siglingum í Stöðvarfirði enda myndi árekstrar hverskonar við eldisbúnað hafa í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir umhverfi, sjóför og eldisbúnað. Fjarðarbyggð vill ítreka að tilkynna þarf Sjónmælingum Íslands og Fjarðarbyggðarhöfnum um staðsetningu sjókvía og ankera þegar starfsemi hefst og að úttekt á staðsetningu ankerum sjókvía fari fram og staðsetning þeirra sé opinber. Fjarðarbyggð bendir á að staðsetning áformaða eldissvæða getur haft takmarkandi áhrif á efnistöku af hafsbotni og aukið þannig kostnað við landfyllingar í framtíðinni og haft þannig neikvæð áhrif á fjárhag Fjarðarbyggðarhafna og annarra aðila sem vilja nýta efnisnám á hafsbotni. Sveitarfélagið óskar eftir að kvaðir séu settar á starfsemi fiskeldisfyrirtækja við útgáfu leyfa þess eðlis að efnisnám sé áfram heimilt innan fiskeldissvæða, enda sé efnisnám hefðbundin nýting og forsenda þess að áfram verði hægt að gera landfyllingar með hagkvæmum hætti.

Fjarðarbyggð leggur áherslu á að framkvæmdir vegna sjókvíaeldis í Stöðvarfirði skerði ekki möguleika ferðaþjónustu né frekari uppbyggingu hennar á svæðinu heldur fremur að starfsemin verði í sátt og samstarfi ferðaþjónustuna og að umgengni á eldissvæðinu sé góð og lágmarki sjónræn áhrif. Einnig bendir fjarðarbyggð á að mikilvægt sé að gæta þess að hljóðmengun frá fóðurprömmum sé eins lítil og hægt er og helst að tengja rafmagn úr landi út í fóðurpramma. Fjarðarbyggð óskar eftir við útgáfu rekstrarleyfis taki Matvælastofnun tillit til nálægðar sjókvía við nærliggjandi ósa veiðiár og fjöruvistgerða. Fjarðarbyggð óskar einnig eftir því að tekið verði tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar og setji þau skilyrði sem hvatt er til að verði í rekstrarleyfinu þ.e.; vöktun á erfðablöndun í tengslum við útsetningu seiða, vöktun vegna laxalúsar og fiskilúsar og vöktun á fuglalífi í nágrenni eldissvæða.

Fjarðarbyggð leggur áherslu á að efnahagslegur og samfélagslegur ábati af fiskeldinu nýtist sveitarfélaginu til framtíðar, flest störf í landi í tengslum við slátrun eldisfisksins en slík slátrun er ekki í sveitarfélaginu svo þetta markmið í stefnu Fjarðarbyggðar er ekki að fullu uppfyllt. Því telur sveitarfélagið Fjarðarbyggð að nauðsynlegt sé að farið verði í endurskoðun á tekjustofnum þannig að sveitarfélögum þar sem eldi fer fram í fjörðum þess í sjókvíum, en ekki slátrun eldisfisk, sé tryggð hlutdeild í tekjustofnum til að standa undir fjárfestingum við hafnir og innviði sem þurfa að fylgja eldinu.

Bæjarráð Fjarðarbyggðar gerði eftirfarandi bókun sem barst Matvælastofnun þann 23. nóvember 2021. Þar ítrekar bæjarráð Fjarðarbyggðar nauðsyn þess að horft verði til hljóð- og ljósmengunar vegna sjókvíaeldis í Stöðvarfirði, vegna stærðar fjarðarins og legu þéttbýlis í honum. Bæjarráð hvetur jafnframt Fiskeldi Austfjarða til að halda íbúafund og kynna áform sín. Einnig vill sveitarfélagið vekja athygli á fyrri umsögnum sínum um að sveitarfélögum þar sem fiskeldisfyrirtæki starfa, skuli ekki vera treyst fyrir skipulagsmálum fjarða sinna og að skilgreindir tekjustofnar af auðlindinni fari til þeirra sveitarfélaga frekar en í ríkissjóð.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020. Þann 1. nóvember 2021 tóku gildi breytingar á nefndri reglugerð nr. 540/2020 og reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðisefirlit með eldisstöðum. Þessar breytingar fela í sér að auk vöktunar á viðkomu sníkjudýra í innra eftirliti sjókvíaeldisstöðva skulu rekstraraðilar starfa samkvæmt viðbragðaáætlun vegna viðkomu sníkjudýra sem háð er samþykki Matvælastofnunar. Sérstaklega er tiltekið í reglugerðunum að viðbragðsáætlunin skuli, auk þeirra atriða sem tiltekin eru í viðauka VI, fela í sér aðgerðir fari meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa (með eða án eggjastrengja) innan viðkomandi svæðis umfram 0,5, 1, 1,5 og 2 á hvern fisk. Þá skal viðbragðsáætlun rekstrarleyfishafa virkjuð þegar meðaltalsfjöldi kynþroska kvenlúsa innan viðkomandi svæðis fer umfram 0,5 á hvern fisk og skal Matvælastofnun tilkynnt um það. Þegar tilkynning um virkjun viðbragðsáætlunar berst Matvælastofnun skal stofnunin meta hvort ráðstafanir rekstrarleyfishafa samkvæmt viðbragðsáætlun nái þeim árangri sem að sé stefnt eða hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Rekstraraðili skal einnig tilkynna Matvælastofnun þegar meðaltalsfjöldi kvenlúsa innan viðkomandi svæðis

fer umfram 1, 1,5 og 2 á hvern fisk og þá skal Matvælastofnun meta hvort annarra aðgerða en tilgreindar eru í viðbragðsáætlun sé þörf. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Það er því ljóst að eftirlit hefur verið aukið í tengslum við viðkomu sníkjudýra í fiskeldinu með ofangreindum reglugerðarbreytingum. Þá hefur almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna með tilkomu Mælaborðs Fiskeldis sem er að finna á heimasíðu Matvælastofnunar. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina.

Matvælastofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á ferðaþjónustu verði nokkuð neikvæð en áhrifin tímabundin og afturkræfar verði eldi hætt. Jafnframt tekur stofnunin undir sjónarmið Fjarðabyggðar varðandi góða sátt og samstarf ferðaþjónustu og sjókvíaeldis, auk þess að hljóðmengun og sjónræn áhrif verði höfð í lágmarki. Matvælastofnun fékk umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi fjarlægðamörk frá ám og er það mat stofnunarinnar að fyrir Stöðvará sé ekki brýnt tilefni til þess að viðhafa 5 km lágmarks fjarlægð frá eldissvæði að ósi. Hvað viðkemur álit Skipulagsstofnunar fer Matvælastofnun eftir lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en þar segir í 3. mgr. 27. gr. laganna að leyfisveitandi skuli taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Hafi Skipulagsstofnun sett skilyrði um mótvægisáðgerðir eða vöktun, sbr. 24. gr., skuli það koma fram í leyfinu. Matvælastofnun bendir á að tekin hefur verið sú pólitíska ákvörðun að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Sjókvíaeldi takmarkast, samkvæmt auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði í Stöðvarfirði innan þeirra marka.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá níu aðilum á auglýsingartíma. Athugasemdirnar voru frá Hákon Þorra Magnússyni lögfræðingi fyrir hönd Náttúruverndarfélagins Laxinn lífi, Auði Önnu Magnúsdóttur framkvæmdarstjóra fyrir hönd stjórnar Landverndar, Jóni Kaldal fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund. Þóri Snæ Sigurðarsyni fyrir hönd íbúa Stöðvarfjarðar sem skrifuðu undir undirskriftalista. Stefáni Ólafssyni og Hólmfríði Svövu Einarsdóttur eigendum jarðarinnar Lönd 2 í Stöðvarfirði. Ingimar Jónssyni, íbúa á Stöðvarfirði. Ævari Sigdórssyni. Jóhanna Guðnýju Halldórsdóttur, íbúa á Stöðvarfirði og Þóru Björk Nikulásdóttur, íbúa á Stöðvarfirði.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyrta verksviði Matvælastofnunar.

Hákon Þorri Magnússon, lögfræðingur fyrir hönd Náttúruverndarfélagins Laxinn lífi sendi inn athugasemd þann 22. nóvember 2021

- *Ekki verður séð að áhættumat erfðablöndunar, sbr. 2. tölul. 3. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi né burðarþolsmat, sbr. 3. tölul. 3. gr. sömu laga, sem vísað er til í matsskýrslu leyfisbeiðanda, álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og í auglýsingu vegna tillögunnar, hvorki fyrir Stöðvarfjörð né Austfirði, hafi sætt málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 106/2006. Í tveimur álitum Skipulagsstofnunar dags. 13. október 2021 er komist að þeirri niðurstöðu að annars vegar burðarþolsmat og hins vegar áhættumat erfðablöndunar séu áætlanir sem falli undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar að auki er bent á umhverfismatsskýrslu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og Hafrannsóknarstofnunar um burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar.*
- *Ekki verður séð að umsókn um rekstrarleyfi hafi fylgt auglýstri tillögu. Á grundvelli auglýsingarinnar og fylgigagna eru því ekki forsendur fyrir almenning til að taka afstöðu til og gera athugasemdir við hvort umsókn uppfyllir kröfur laga nr. 71/2008 og þá hvort tillagan samrýmist umsókninni. Gerðar er athugasemdir við þessa*

málsmeðferð og bent á að hún er að þessu leyti ekki í nægjanlega góðu samræmi við fyrirmæli 10. gr. a. laga nr. 71/2008 eins og þeim var breytt með breytingarlögum nr. 101/2019.

- Í hinni auglýstu tillögu kemur fram að rekstrarleyfið verði gefið út skv. reglugerð nr. 1254/2008 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagadýrum. Jafnframt kemur fram að rekstrarleyfishafa beri að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar. Þann 21. apríl 2021 féll téd reglugerð nr. 1254/2008 úr gildi og samhliða tók gildi reglugerð nr. 46/2021 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 um smitandi dýrasjúkdóma. Með tilkomu reglugerðarinnar öðluðust nokkrar gerðir Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar (ESB) sem eiga við um að Matvælastofnun fari með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við m.a. lög nr. 71/2008, um fiskeldi. Ljóst er þannig að við undirbúning tillögunnar hefur eigi verið gætt gildandi reglna um varnir gegn smitsjúkdómum í dýrum, sem eru um margt töluvert ítarlegri en reglur þær sem giltu áður.
- Í hinni auglýstu tillögu að rekstrarleyfi er ekki getið um neina lágmarksstærð seiða. Í matsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að lágmarksstærð sérhvers seiðis skuli aldrei vera minni en 100g. Um mikilvæga mótvægisáðgerð gegn skaðsamlegum áhrifum á villta laxastofna fyrir tilstilli erfðablöndunar er að ræða og því nauðsynlegt að kveðið sé á um lágmarksstærð seiða í rekstrarleyfi.

Burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar hefur farið í umhverfismat framkvæmda og áætlana samkvæmt lögum nr. 111/2021 og var staðfest af matvælaráðherra, þann 3. mars 2022. Samkvæmt lögum nr. 71/2008 þá ber Matvælastofnun að fara eftir áhættumati erfðablöndunar og burðarþolsmati við afgreiðslu rekstrarleyfis til fiskeldis. Áhættumat erfðablöndunar er unnið af Hafrannsóknarstofnun og uppfært að lágmarki á þriggja ára fresti, næst árið 2023.

Það er ekki skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis að það sé í fullu samræmi við umsókn þess sama leyfis. Samkvæmt nefndri 10.gr. a laga um fiskeldi ber Matvælastofnun að auglýsa tillögur að rekstrarleyfi en ekki umsókn um rekstrarleyfi. Það er hlutverk Matvælastofnunar, sem framkvæmdaraðila stjórnýslu fiskeldislaga, að meta hvort að umsókn sé fullnægjandi og öll gögn séu til samræmis við skilyrði laga og reglna. Útgáfa rekstrarleyfa eru háð þeim skilyrðum sem um þau gilda og má þau finna í lögum um fiskeldi og samnefndri reglugerð.

Matvælastofnun hefur uppfært texta í rekstrarleyfi og vísar nú til reglugerðar nr. 462/2021 (sem innleiðir reglugerð ESB nr. 2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum.

Auður Önnu Magnúsdóttir framkvæmdarstjóri fyrir hönd Landverndar sendi inn athugasemd þann 25. nóvember 2021

- Nú stendur yfir vinna við skipulag haf og strandsvæða á Austfjörðum. Landvernd lítur svo á að það sé ólýðræðisleg nálgun að auka sjókvíeldi á Austfjörðum á þessum tímamarki. Skipulag haf og strandsvæða hefur ekki verið lokið með fullri aðkomu samfélagsins. Landvernd hvetur MAST að beita sér fyrir því að koma í veg fyrir fiskeldi sem bindur hendur málsaðila við gerð skipulagsins. Verði gengið fram hjá vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag með þessum hætti þá yrði vinna svæðisráðs um haf- og strandsvæðaskipulag gjaldfellt. Ef sniðganga á hina lýðræðislegu leið sem skipulag haf- og strandsvæða felur í sér með samtali og samráði við samfélagið og aðra hagsmunaaðila á svæðinu, er fiskeldisfyrirtækjum, oft í meirihlutaeigu erlendra aðila, gefin full heimild til að klára skipulagsgerð áður en öðrum hagsmunaaðilum verður hleypt að borðinu. Slík vinnubrögð gagnvart samfélaginu brjóta gegn grundvallarreglum og um jafnræði þegar kemur að jafn stórum málum og hér um ræðir og varðar okkar sameiginlegu auðlindir.
- Þá þykir Landvernd bæði óeðlilegt og varhugavert að skilyrði sem sett eru fram í álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum séu ekki tekin með beinum hætti inn í rekstrarleyfið. Sérstaklega í ljósi þess að nú hefur verið áréttað að burðarþolsmat sé háð ákvæðum laga um umhverfismat¹. Landvernd telur að ef MAST ætli sér að gefa út rekstrarleyfi skuli skilyrði Skipulagsstofnunar öll koma fram í því (sjá bls. 25 og 26 í álit skipulagsstofnunar frá 4. júní 2021. Landvernd tekur sérstaklega undir skilyrði 9 um að niðurstöður allrar vöktunar verði gerðar opinberar.
- Á hverjum degi drepst gríðarlegur fjöldi eldislaxa í sjókvíum. Iðnaðurinn gerir ráð fyrir því að fimmti hver fiskur drepist vegna aðstæðna í kvíunum. Opnar sjókvíar eru gróðrastía lúsa sem eitra þarf fyrir reglulega. Laxalús

étur eldisdýrin lifandi í netapokanum á meðan villtur lax getur losað sig við lúsina þegar hann gengur í árnar, því lúsin þolir illa ferskvatn. Þá er einnig um að ræða aðra alvarlega sjúkdóma eins og hjartavandamál og vansköpun sem valda fiskunum þjáningu². Talið er að áhrif eldiskvíanna á botndýralíf verði talsvert neikvætt. Botndýralíf þurrkast út undir kvíunum því þar safnast þykkt lag af úrgangi og rotandi fóðurleyfum.

- Sjókvíarnar, með öllu því sem þeim fylgja, mun spilla útsýni og upplifun þeirra sem vilja njóta náttúru og landslags við Stöðvarfjörð. Eldissvæðið verður sýnilegt frá þéttbýli, Þjóðvegi 1, vinsælum gönguleiðum og ferðamannastöðum. Fiskeldið getur haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Verði rekstrarleyfið veitt þá tapast ásýnd og ímynd fjarðarins um lítt snortna eða ósnortna náttúru.
- Landvernd telur að í ljósi þeirra fjölmörgu annmarka sem hér hefur verið lýst sé ekki réttlætanlegt að veita rekstrarleyfi fyrir auknu sjókvíaeldi í Stöðvarfirði. Við hvetjum MAST eindregið til þess að falla frá áformunum og ítrekum við þann alvarlega ágalla að mat á umhverfisáhrifum sé ekki tekið inn með beinum hætti í rekstrarleyfið. Enn fremur telur Landvernd rétt að velta upp spurningunni hvort sjókvíaeldi sé réttlætanleg aðferð við matvælaframleiðslu í ljósi þeirra neikvæðu áhrifa sem iðnaðurinn hefur almennt í för með sér. Er ekki tími til kominn að horfa til framtíðar?

Umsækjendur um leyfi skiluðu inn frummatskýrslu til Skipulagsstofnunar fyrir gildistöku breytinga á lögum um fiskeldi, sem gerð voru með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt bráðabirgðarákvæði II laga um fiskeldi skal fara um slíkar umsóknir eftir eldri ákvæðum laganna. Málsmeðferð Matvælastofnunar er samkvæmt lögum, sem eru sett að undangengnu lýðræðislegu ferli. Ekki er vísað til hvaða grundvallareglum verið sé að fara gegn og því ómögulegt að taka efnislega afstöðu til þeirrar fullyrðingar. Einnig er óljóst af athugasemdinni með hvaða hætti farið er gegn jafnræðisreglum stjórnarskráar og því ekki unnt að svara henni með efnislegum hætti.

Matvælastofnun mun taka athugasemd þessa að hluta til greina og setja skilyrði um mótvægisáðgerðir og vöktun með beinum hætti í útgefið rekstrarleyfi. Innihald rekstrarleyfa til fiskeldis er nákvæmlega tiltekið í lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

Lúsalyf til böðunar dreifast og þynnast hratt við náttúrulegar aðstæður. Lúsalyf sem gefin eru með fóðri helmingast í takt við sjávarhita og niðurbrot fóðurs og úrgangs. Dýralæknar sem ávísa lyfjunum bera höfuðábyrgð á notkun þeirra og í notkunarleiðbeiningum framleiðenda er vel fjallað um umhverfisáhrif og hvernig best sé að haga notkun lyfjanna svo áhrif á umhverfi verði sem minnst. Hafrannsóknastofnun hefur aðalumsjón með rannsóknum á lífríki vatns og sjávar og hefur tvo fulltrúa í Fisksjúkdómanefnd sem er Matvælastofnun til ráðgjafar um aðgerðir gegn laxalús. Hafrannsóknastofnun er einnig umsagnaraðili um aðgerðir gegn laxalús í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 og telur Matvælastofnun að þessi aðkoma tryggi að lyfjanotkun sé aðeins gerð á hentugum árstíma og að teknu tilliti til aðstæðna í sjó hverju sinni.

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður.

Jón Kaldal fyrir hönd Íslenska náttúruverndarsjóðsins sendi inn athugasemd þann 24. nóvember 2021

- IWF gerir alvarlegar athugasemdir við að fyrirhugað eldissvæði Fiskeldis Austfjarða er allt innan við fimm kílómetra frá ósi Stöðvarár í botni fjarðarinnar og eru innri mörk svæðisins aðeins um þrjú kílómetra frá ósnum. Í Stöðvará er bæði villtur lax og bleikja. Þessi staðsetning fer því í bága við ákvæði reglugerðar um fiskeldi (nr. 540/2020) sem segja: „Matvælastofnun skal tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“ Þá má benda á að í lögum um fiskeldi „skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.“ (Sjá 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi.)
- Lífmassinn er 7.000 tonna sem þýðir að um 2,8 milljóna eldislaxar af norskum uppruna verða geymdir í sjókvíum innan fjarðar sem er aðeins um 6 km djúpur og 1,5 km á breidd. Sé miðað við áhættumat Hafrannsóknastofnunar um erfðablöndun má gera ráð fyrir að úr hverju tonni af eldislaxi sem alið er í sjókvíum sleppi að meðaltali 0,8 fiskur. Þetta þýðir að á hverju ári munu um 5.600 eldislaxar sleppa úr sjókvíum í Stöðvarfirði innan við 5 km frá ósi Stöðvarár. Fiskeldi Austfjarða hyggst ala ófrjóan lax í Stöðvarfirði. Hættan af erfðablöndun er því ekki til staðar en hins vegar munu fjölmargir af sleppifiskum úr sjókvíunum örugglega ganga í Stöðvará og raska þar híbýlum villtra laxfiska. Á fyrri stigum umsagnaferilsins hafa Náttúrufræðistofnun Íslands og Skipulagsstofnun vakið athygli á því að fyrirhugað eldissvæði er innan fjarlægðarmarka sjókvíaeldisstöðva frá ám með villta laxfiska. Þrátt fyrir þessar ábendingar hefur MAST ákveðið að gera tillögu um að heimila sjókvíaeldi sem fer þvert á gildandi reglugerð.
- Fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ósum laxá skipta grundvallarmáli þegar kemur að skaðaminnkun vegna eldis á laxi í sjókvíum. Nálægð sjókvía við laxár eykur líkur á að eldislax gangi uppi í viðkomandi ár þegar hann sleppur í sjókvíum og þyngir verulega álag á villt sjógönguseiði laxa, urriða og bleikju þegar lúsasmit (laxalús og fiskilús) kemur upp í sjókvíunum. Vegna þess hversu Stöðvarfjörður þröngur verður ekki hjá því komist að lús mun leggjast þungt á villta stofna laxfiska þegar smit kemur upp í sjókvíunum. Lögfesting áhættumats erfðablöndunar árið 2019 var jákvætt skref en mikilvægt er að hafa í huga að eðli málsins samkvæmt tekur það tekur ekki til skaðans sem sníkjudýr og sjúkdómar í sjókvíaeldi valda villtum laxa- og silungsstofnum. Lúsafar í sjókvíaeldiskvíum, sem eru í fjörðum þar sem eru lax- og silungsár, eykur lúsasmit á villtum stofnum og vega þannig að lífslíkum þeirra í náttúrunni. Rannsóknir hér við Ísland og í öðrum löndum staðfesta þessi áhrif. Lúsasmit er orðið viðvarandi og alvarlegt vandamál í sjókvíaeldi við Ísland. Þannig hefur MAST gefið út á hverju ári frá 2017 leyfi fyrir notkun kemískra efna eða lyfja til að meðhöndla lúsasmitaðan eldislax í sjókvíum á Vestfjörðum.
- Ekkert í náttúrulegum aðstæðum á Austfjörðum gefur tilefni til að þar verði lús minna vandmál en hún er og hefur verið í sjókvíaeldi á Vestfjörðum. Líkur á alvarlegu lúsasmiti aukast með vaxandi lífmassa á eldissvæðum. Villtir stofna laxfiska munu skaðast vegna lúsasmits úr sjókvíum fyrir austan rétt eins og hefur gerst fyrir vestan. Þá munu eiturefni og lyf berast í umhverfið vegna meðhöndlunar á lúsasmituðum eldislaxi í sjókvíum fjörðum Austurlands eins og á Vestfjörðum.
- Í rannsókninni „Vöktun sjávarlúsa á villtum laxfiskum á Vestfjörðum 2017“ sem Margrét Thorsteinsson gerði fyrir Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að marktækt meira lúsasmit og lúsaálag var á suðursvæði Vestfjarða en á norðursvæði Vestfjarða. Í þessum fjörðum eru einmitt laxeldisfyrirtæki með sjókvíar. Margrét bendir á í rannsókn sinni að ef miðað væri við norska umferðarljósaakerfinu, sem notað er til framleiðslustýringar í sjókvíaeldi þar í landi, skapaði laxalúsaálag á árinu 2017 mikla áhættu á villta laxfiskahópa í Patreksfirði á öðru tímabilinu (60%), í Arnarfirði á fyrsta tímabilinu (53%) og í Dýrafirði (50%) og Tálknafirði (45%) á þriðja tímabilinu, sem þýðir rautt ljós fyrir svæðin á þessum tímabilum. (Sjá https://nave.is/utgefing_efni/skra/515/). Var magn lífmassa af sjókvíaeldislaxi í Arnarfirði, þegar Margrét gerði rannsókn sína, þó aðeins um helmingur af því sem fyrirhugað er að heimila í firðinum.
- Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar, meðal annars af hálfu IWF, um að taka þurfi upp áhættumat vegna lúsasmits í sjókvíaeldi og tilheyrandi framleiðslustýringu, hefur MAST ekki brugðist við. Er þó stofnunin í ráðgefandi stöðu gagnvart stjórnvöldum í þessum málaflokki. Afneitun MAST á þessari grafalvarlegu stöðu er atlaða að villtum stofnum laxfiska við Ísland. Rétt er að rífa upp enn á ný ummæli dýralæknis fisksjúkdóma hjá MAST

á málþingi Landssambands fiskeldisstöðva á Ísafirði þann 10. maí 2016, og setja þau í samhengi við áður nefnda rannsókn Náttúrustofu Vestfjarða og ekki síður það sem hefur gerst eftir að hann lýsti þessari skoðun sinni: „Sökum norðlægrar legu Íslands, og ekki síst þeirra svæða sem heimilt er að ala lax í sjókvíum frá 2004, á lúsin erfitt uppdráttar og getur á engan hátt orðið sambærilegt vandamál og hjá nágrannaþjóðum okkar. Meðhöndlun gegn lús hefur aldrei þurft að koma til álita í laxeldi á núverandi slóðum sjókvíaeldis.“ Frá því að dýralæknir fisksjúkdóma hjá MAST lét þessi orð falla hefur MAST (skv. fundargerðum Fisksjúkdómanefndar) gefið út sautján staðbundin leyfi fyrir eitrun eða notkun lyfjafóðurs vegna lúsar (fiski- eða laxalúsar) í sjókvíum. Nú síðast voru gefin út þrjú leyfi í september 2021. Sex leyfi hafa verið veitt fyrir notkun á Deltamethrin (Alpha Max), sem er skordýraeitur, og ellefu leyfi fyrir notkun á Slice Vet sem er lyfjablandað fóður. Báðum þessum efnum er hellt í sjókvíarnar og berast þaðan í umhverfið.

- Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs má gera ráð fyrir að frárennsli (utslipp) frá hverju tonni af eldislaxi í sjókvíum sé á við skólp (avlöpsutslipp) frá 16 manns. Þetta þýðir að mengunin sem streymir út um möskva 7.000 tonna sjókvíaeldis er á við 112.000 manna íbúabyggð. Engin starfsemi á landi kemst upp með að senda óhreinnað skólp frá sér beint út í umhverfið og sveitarfélög um allt land innheimta há gjöld af íbúum sínum til að standa straum af margra milljarða kostnaði við að bæta frárennslismál frá byggð. Á sama tíma fá sjókvíaeldisfyrirtæki að menga firði landsins vegna þess að starfsemin fer fram „í viðtakanum“. Með öðrum orðum þessi iðnaður sækir niðurgreiðslu á starfsemi sinni til náttúrunna með því að senda umhverfinu reikninginn fyrir menguninni sem streymir út um netmöskvana og villtum laxastofnum reikninginn fyrir erfðablönduninni.
- Sjókvíaeldiskvíar eru sjónrænt lýti í landslagi hvar sem þær er að finna. Þar að auki verða líka staðsettir á eldissvæðunum fóðurprammar með starfsmannaáðstöðu sem munu skera sig verulega úr landslagi. Prammar munu rísa upp úr haffletinum og vera flóðlýstir í myrkri. Þessu til viðbótar fylgir óhjákvæmilega verulega mikil umferð þjónustubáta svo umfangsmikillar starfsemi sem eldi á 7.000 tonnum af laxi í sjókvíum er. Þjónustubátar verða í föstum siglingum í firðinum, brunnbátar munu flytja seiði í kvíar og sækja lax til slátrunar og erlend gúanóskip koma til að sækja meltu og dauðan fisk úr sjókvíunum. Allt mun þetta hafa mjög neikvæð sjónræn áhrif og trufla kyrrð Stöðvarfjarðar og hafa neikvæð áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu. Sjókvíaeldissvæðið á samkvæmt tillögu um rekstrarleyfi að vera staðsett þar sem það blasir við frá þéttbýlinu við Stöðvarfjörð og byggða víða annars staðar við fjörðinn. Þetta mun líklega hafa neikvæð áhrif á verðmæti þessara fasteigna til lengri tíma, ef þróunin verður sú sama og á sjókvíaeldissvæðum Skotlands. Samkvæmt skoskri rannsókn þar sem farið var yfir fjölda kaupsamninga á fasteignum í nágrenni sjókvíaeldissvæða við vesturströnd landsins, var verð fasteigna þaðan með útsýni yfir laxeldissjókvíar 20.032 pundum (3,6 milljón krónum) lægra að jafnaði en sambærilegra eigna þar sem ekki sást til sjókvía.
- Fáir Fiskeldi Austfjarða rekstrarleyfi fyrir eldi á ófrjóum norskum eldislaxi í Stöðvarfirði eru yfirgnæfandi líkur á að það muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir villta laxfiska á Austfjörðum. Lúsasmit og snýkjudyf frá sjókvíaeldi skaðar villta stofna. Með því að heimila sjókvíaeldi á laxi svo nálægt á með villta laxfiska er brotið á sjálfstæðum tilverurétti villtu stofnanna í náttúru landsins sem þeir eiga samkvæmt lögum um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og samningi Sameinuðu þjóðanna, sem Ísland er aðili að, um líffræðilega fjölbreytni en hann leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þar með talið þeirra erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir.

Úrgangslausun, vöktunaráætlun og eftirlit með umhverfispáttum fellur undir starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hætta á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hætta á lúsasmiti hverfandi.

Lúsalyf til böðunar dreifast og þynnast hratt við náttúrulegar aðstæður. Lúsalyf sem gefin eru með fóðri helmingast í takt við sjávarhita og niðurbrot fóðurs og úrgangs. Dýralæknar sem ávísar lyfjunum bera höfuðábyrgð á notkun þeirra og í notkunarleiðbeiningum framleiðenda er vel fjallað um umhverfisáhrif og hvernig best sé að haga notkun lyfjanna svo áhrif á umhverfi verði sem minnst. Hafrannsóknastofnun hefur aðalumsjón með rannsóknum á lífríki vatns og sjávar og hefur tvo fulltrúa í Fisksjúkdómanefnd sem er Matvælastofnun til ráðgjafar um aðgerðir gegn laxalús. Hafrannsóknastofnun er einnig umsagnaraðili um aðgerðir gegn laxalús í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 og

telur Matvælastofnun að þessi aðkoma tryggi að lyfjanotkun sé aðeins gerð á hentugum árstíma og að teknu tilliti til aðstæðna í sjó hverju sinni.

Athugasemd varðandi áhættumat vegna fiski- og laxalúsar varðar ekki ákvörðun um rekstrarleyfi vegna fiskeldis og verður ekki tekin frekari efnisleg afstaða til hennar hér.

Við afgreiðslu á umsókn Fiskeldis Austfjarða vegna 7.000 tonna af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf. Einnig hefur verið tekin afstaða til þessa álitaefnis við útgáfu áhættumats erfðablöndunar (dags. 3. mars 2022) en þar segir að markmið áhættumats sé að vernda líffræðilegan fjölbreytileika íslenskra laxastofna. Miðað sé við að þröskuldsgildi á strokulaxi í stofni hvekkur laxveiðiár sé undir þeim öryggismörkum sem metin eru örugg svo að fiskeldi geti vaxið á skynsamlegan hátt og í sátt við náttúru og samfélög þar sem uppbygging fiskeldis mun eiga sér stað. Þröskuldsgildi fyrir strokulaxa af eldisuppruna hafa verið sett við 4% í samræmi við mat NINA (Náttúrufræðistofnun) og IMR (Hafrannsóknastofnun) í Noregi um viðunandi mörk. Einnig eru hafðar til hliðsjónar niðurstöður úr líkani IMR um langtímaáhrif mismunandi þröskuldsgilda á laxastofna (ecogenetic model (IBSEM)). Þar er sú niðurstaða fengin að við 5-10% þröskuldsgildi strokufiska sýndu svipgerðar- og stofneinkenni (e. phenotypic and demographic characteristics) aðeins veikar breytingar á 50 árum og eingöngu við mun hærri þröskuldsgildi (30-50%) voru skýrar breytingar sýnilegar. Jafnframt kemur fram að þessi þröskuldsgildi verði endurskoðuð með tilliti til niðurstaðna vöktunaráætlunar eins og segir í áhættumati 2017. Tilgangur hinnar miklu sýnasöfnunar og erfðagreininga nálægt eldissvæðum sé að afla gagna fyrir endurskoðun þröskuldsgilda. Með þessum viðmiðum telur Hafrannsóknastofnun að uppfyllt sé 1. mgr. 1. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008 um að stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna og að í því skyni skuli leitast við að koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfis skyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður

Umsækjendur um leyfi skiluðu inn frummatskýrslu til Skipulagsstofnunar fyrir gildistöku breytinga á lögum um fiskeldi, sem gerð voru með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt bráðabirgðarákvæði II laga um fiskeldi skal fara um slíkar umsóknir eftir eldir ákvæðum laganna. Málsmeðferð Matvælastofnunar er samkvæmt lögum, sem eru sett að undangengnu lýðræðislegu ferli. Ekki er vísað til hvaða grundvallareglum verið sé að fara gegn og því ómögulegt að taka efnislega afstöðu til þeirrar fullyrðingar. Einnig er óljóst af athugasemdinni með hvaða hætti farið er gegn jafnræðisreglum stjórnarskráar og því ekki unnt að svara henni með efnislegum hætti.

Pórir Snær Sigurðsson fyrir hönd íbúa Stöðvarfjarðar sem skrifuðu undir undirskriftalista sendu inn athugasemd ásamt undirskriftarlista með fjórtíu og níu (49) nöfnum, þann 23. nóvember 2021

- „Með undirskrift minni vil ég mótmæla harðlega áformum um laxeldi í Stöðvarfirði. Laxeldi í sjó í svo litlum firði mun hafa gríðarlega neikvæð áhrif á ásynnd og lífríki fjarðarins og samræmist ekki hugmyndum um hreina íslenska náttúru sem lífsgæði. Á Stöðvarfirði eru starfsemi tengd listsköpum og ferðaiðnaði mikilvægar atvinnugreinar og laxeldisbúr framan við þorpið munu skerða verulega þá fegurð sem fólk upplifir af staðnum. Yfirgnæfandi líkur eru á að úrgangur frá búrunum muni spilla fiskimiðum innan fjarðarns til langs tíma. Atvinna mun verða lítil af þessu á Stöðvarfirði því ekki stendur til að vinna úr hráefninu á staðnum.“

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður.

Stefán Ólafsson og Hólmfríður Svava Einarsdóttir, eigendur jarðarinnar Lönd 2 í Stöðvarfirði sendu inn athugasemd þann 5. nóvember 2021

- *Sem ein af eigendum jarðarinnar Lönd 2 í Stöðvarfirði viljum við mótmæla harðlega þeim yfirgangi sem Mast og Fiskeldi Austfjarða viðhefur í Stöðvarfirði. Þar sem á að troða fiskeldiskvíum í fjörðinn með tilheyrandi mengun og þar ekki síst hræðilegri ljósmengun og sjónmengun. Með eitt fallegasta útsýni frá þorpi á Íslandi á að troða þessu ógeði beint fyrir framan þessa fallegu mynd. Megið þið hafa skömm fyrir. Það er alveg með ólíkindum virðingarleysið sem Stöðfirðingum er sýnt með þessum yfirgangi. Þarna kemur algjörlega óviðkomandi aðili og treður sinni starfsemi án þess að nokkur hagur sé að því fyrir Stöðfirðinga. Engin vinnsla tengd þessum óþrifnaði mun vera eftir á staðnum heldur flytjast í annað sveitarfélag.*
- *Við skiljum ekki hvað þarf til, til þess að þessi stofnun fari að bera virðingu fyrir fólkinu í landinu og hlusta. Það verður hræðilegt að hafa þetta fyrir augunum alla daga. Þarna fara Stöðfirðingar og sækja sér fisk í soðið, róa á kajökum og annað. Í skýrslunni er allsstaðar allt óljóst. Þar er alltaf notað orðalagjöð óljóst og að þið teljið áhrifin verða svona og svona. Og svo takið þið alltaf dæmi um Berufjörð. Hvernig dettur ykkur í hug að bera saman Berufjörðinn langa og Stöðvarfjörð sem er stuttur og þröngur, og þetta hefur miklu meiri áhrif að öllu leiti. Og allar skoðanir í sambandi við áhrif á umhverfi og sjónmengun er neikvæð. Það virðist ekki vera nein svör um hvað mörg störf skapast á Stöðvarfirði og alltaf talað í kringum hlutina, aðeins að þetta hafi áhrif á hafnargjöld og útsvar í Fjarðabyggð. Það er ekki ólíklegt að þetta hafi neikvæð áhrif á fiskveiðar í Stöðvarfirði og neikvæð áhrif á búsvæði nytjastofna og útsýni frá norðanverðum firðinum. Þetta mál er alveg hreint með ólíkindum og öllum sem að því koma til skammar. Við biðjum ykkur að hugsa þetta mál upp á nýtt. Og bera virðingu fyrir Stöðfirðingum. Þetta er ekkert grín að fá þennan ófögnuð fyrir framan þorpið.*
- *Mótmæla harðlega þeim yfirgangi sem MAST og Fiskeldi Austfjarða viðhafa í Stöðvarfirði þar sem troða á fiskeldiskvíum í fjörðinn með tilheyrandi mengun ekki síst ljósmengun og sjónmengun.*

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í

landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður.

Ingimar Jónsson sendi inn athugasemd þann 29. nóvember 2021

- „Það er til skammar að ætla að staðsetja svona eldi beint fyrir framan þorpið“

Ævar Sigdórsson sendi inn athugasemd þann 5. nóvember 2021

- *Gerir alvarlegar athugasemdir við veitingu leyfa á sjókvíaeldi í Stöðvarfirði. Stöðvarfjörður er einn fegursti fjörður landsins. Fjallahringur fjarðarins er óslitinn, þúsundir ferðamanna sem þarna koma á hverju ári, er tíðrætt um þennan litla fallega fjörð, með óspilltri náttúru og hreinleika. Fjarðarins er getið í fornum fræðum, sennilega fyrsta landsvæði á Íslandi sem er friðað. Í dag, er í gangi uppgröftur á fornleifum í Stöð, samkvæmt nýjustu upplýsingum fengnar með DND mælingum, gæti hér orðið um breytingar á Íslandssögunni að ræða.*
- *Fjörðurinn er grunnur og stuttur. Sem sjómaður sem gerði þarna út, veit ég, að grunnur fjörður er ekki öruggur fyrir ankersfestur. Þessi staðsetning á fyrirhuguðum sjókvíum, er algjörlega órannsakað mál. Hvernig á að festa ankeri á grunnsævi?.*
- *Er virkilega þessi þörf fyrir þessi 7 þúsund tonna viðbót, í beinni sjónlínu við þorpsbúa, sem nú eiga ALLT sitt undir ferðamanninum? Er þetta úrslitastundin fyrir Norska auðjöfra, að geta rústað fátæku þorpi á Íslandi? Þorpi sem kvótalýður lék grátt, er menn uggðu ekki að sér, og létu frá sér fjöreggið, fullvissir um að kvótinn yrði enn og áfram í þorpinu.*
- *Nú skal höggva í sama knérunn. Nú eru það Norðmenn, hraktir frá eigin landi, hraktir úr norskum fjörðum með mengun og misnotkun.*
- *Nú eru það uppgjafa Ráðherrar Íslenskir, sem ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur, Stöðvarfjörður.*
 - *Ekki eitt andskotans starf er í boði.*
 - *Ekki ein andskotans beiðni fram borin.*
 - *Ekki ein andskotans tilfinning fyrir fegurð og umhverfi.*
 - *Ekki ein andskotans hugsun, Jú- sennilega er feitur tékki á leið til viðkomandi!*
- *Mikið vildi ég, að einhver sómi væri til í þeim stofnunum sem svona óskapnaði veita brautargengi.*

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa

stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður.

Jóhanna Guðný Halldórsdóttir sendi inn athugasemd þann 10. nóvember 2021

- *Ég er íbúi að Fjarðabraut 59 Stöðvarfirði og er það gatan sem er neðst í þorpinu og her hluti af Þjóðvegi 1.*
- *Húsið mitt kostar í dag nokkrar milljónir þó það sé bara fínt hús ný uppgert. En eftir að búið verður að klína þessum hörmungum sem laxeldið er í litla fjörðinn okkar, þá er ég nú ansi hrædd um að ég fá ekki engar millur fyrir það.*
- *Af laxeldinu er bæði ljósmengun, hávaði og mengun sem skaðar lífríki fjarðarins. Ég mikið í sjósundi inn við botn Stöðvarfjarðar sem er land ættar minnar Stöð í Stöðvarfirði og ef ég engan áhuga að sulta í drullunni frá þessu.*
- *Ég hef kynnt mér málin vel frá Noregi í sambandi við opin ker í sjó. Þeir eru búnir að banna þau hjá sér, en við Íslendingar sem þykjumst vera svo umhverfisvæn auðvitað leyfum við þetta !!!!!!!*
- *Ég fór líka á opinn fund í Brekkunni hérna heima, þar sátu þrír herra menn með lítið kort af firðinum og fullt af bæklingum ofan á svo við myndum nú ekki fara að horfa og pæla nákvæmlega hvar þessi hörmung ættu að vera. Og svo fyrir utan dónaskapinn hjá einum þeirra þegar ég spurði kurteislega hvaða störf þetta myndi skapa og hvaða störf, þá var svarið: Ekki neitt*

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður.

Þóra Björk Nikulásdóttir sendi inn athugasemd þann 23. nóvember 2021

- *Laxeldið mun rýra lífsgæði mín því laxeldisbúrin munu blasa við fyrir framan þorpið og þar með húsið mitt. Við það mun náttúruvegurð fjarðarins láta verulega á sjá og búseta þar verða minna eftirsótt en áður.*
- *Sárafá ef nokkur störf munu verða til á Stöðvarfirði vegna laxeldis þar sem laxinum úr því verður slátrað á Djúpavogi. Ef til vill munu einhverjir Stöðfirðingar vinna á þjónustubátum við laxeldið en hingað til hafa þau störf verið án staðsetningar á þjónustubátum því um er að ræða skorpuvinnu og fólk einfaldlega getur búið í Reykjavík og unnið svo í tömum á Stöðvarfirði.*
- *Fjörðurinn er lítill og ég óttast að lífríki hans beri varanlega skaða af vegna þeirrar mengunar sem verður af úrganginum sem fellur úr búrunum. Í firðinum er þorsstofn og eru þekktar hrygningarstöðvar hans m.a. á því svæði sem fer undir búrin. Ég vísa á skýrslu Björns Björnssonar fiskifræðings um tilraunafóðrun á villtum þorski í Stöðvarfirði en þar segir m.a. að stofnstærðin hans hafi verið þá (1995 - 96) um 45 tonn. Það má ljóst vera að 45 tonn af þorski mega sín lítils gegn 7000 tonnum af laxi.*
- *Að mínu mati er laxeldi í sjó allt of mikið inngrip í náttúru jafn lítils fjarðar og Stöðvarfjörður er og efnahagslegur ávinningur fyrir samfélagið þar er nær enginn. Neikvæð áhrif yrðu hinsvegar mikil og líklega um óbætanlegan skaða að ræða á lífríki fjarðarins.*

Í löggjöf hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í

landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austfirðir falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Stöðvarfjörður.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Fiskeldis Austfjarða hf. í Stöðvarfirði. Rekstrarleyfið heimilar 7.000 tonna hámarkslífmassa af ófrjóum laxi í Stöðvarfirði. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis í Stöðvarfirði á einni staðsetningu. Sjókvíaeldissvæði A inniheldur eldissvæðið Stöðvarfjörður.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Matvælastofnun afhendir útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar samhliða rekstrarleyfi. Rekstrarleyfið gildir til 21. mars 2038.

Selfossi, 21. mars 2022